



Okkar mál
*Samstarf um menningu,
mál og læsi í Fellahverfi*



Reykjavíkurborg

Okkar mál

Áfangaskýrsla þróunarverkefnis



höf. skýrslu Helga Ágústsdóttir



Efnisyfirlit

1. Markmið Okkar máls.....	3
2. Lýsing á verkefni.....	4
3. Fyrirkomulag.....	6
4. Starfsdagur Okkar máls.....	9
5. Samvinna við Menntavísindasviði.....	10
6. Afrakstur verkefnisins.....	11
7. Kynningar á verkefninu.....	12

Meginmarkmið verkefnisins er að auka samstarf skóla í Fellahverfi og stofnana í Breiðholti með það að leiðarljósi að efla félagslegan jöfnuð, námsárangur og vellíðan barna í hverfinu

Markmið Okkar máls voru sett í upphafi verkefnisins vorið 2012 en verkefnið hefur einnig eftirfarandi markmið:

- að auka samstarf milli leikskólans Aspar, leikskólans Holts, Fellaskóla og frístundaheimilisins Vínafells í Fellaskóla
- að efla samstarf skóla- og frístundastarfs við þjónustumiðstöð Breiðholts með velferð barna og fjölskyldna að leiðarljósi
- að nýta tækifæri sem felast í samstarfi við stofnanir í nærsamfélaginu s.s. Menningarmiðstöðina Gerðuberg, Borgarbókasafn, heilsugæslu, íþróttafélög og önnur félagasamtök
- að efla foreldrasamstarf í leik- og grunnskóla
- að auka þekkingu kennara og starfsfólks á þáttum sem hafa áhrif á máltöku og læsi allra barna með sérstakri áherslu á börn með annað móðurmál en íslensku
- að efla fagleg vinnubrögð og færni kennara í starfi með margbreytilegum barna- og foreldrahópi
- að þróa og innleiða fjölbreyttar kennsluaðferðir sem miða að því að jafna tækifæri barna til náms
- að afrakstri verkefnisins verði miðlað á fjölbreyttan hátt til annarra er gagn hafa af



Okkar mál er þróunarverkefni sem upphaflega var skilgreint til fimm ára. Starfslok verkefnisins voru fyrirhuguð vorið 2017 en framlenging út næsta skólaár var samþykkt einróma á stýrihópsfundi vorið 2017. Meginmarkmið verkefnisins að **auka samstarf skóla í Fellahverfi og stofnana í Breiðholti** með það að leiðarljósi að **efla félagslegan jöfnuð, námsárangur og vellíðan barna** í hverfinu.


Samstarfsaðilar í verkefninu eru **Fellaskóli, Leikskólinn Holt, Leikskólinn Ösp, Menntavísindasvið HÍ, Skóla- og frístundasvið Reykjavíkur og Þjónustumiðstöð Breiðholts**. Styrkir úr þróunarsjóði **Skóla- og frístundaráðs** hafa skapað burðarás verkefnisins og stutt ríkulega við skólaþróun í Fellahverfi.

Í leik- og grunnskólum Fellahverfis er mikill fjöldi nemenda af erlendum uppruna. Langstærstur hluti barnanna eru fædd á Íslandi. Fjölbreytt tungumálaumhverfi og bakgrunnur barnanna þýðir að skólarnir fást við flóknari verkefni tengdum menningarnæmi, læsi og líðan. Samsetning hverfisins skapar spennandi tækifæri í skólastarfi og krefst sérþekkingar, sem er einstök á landsvísi, af skólafólki hverfisins.



Mikilvægir hlutar verkefnisins eru komnir í skýran farveg þar sem markmið og hlutverk eru vel skilgreind, eins og sjá má á tímaramma verkefnisins fyrir næsta skólaár¹. Í júní 2016 var lokið við samstarfsáætlun fyrir skólaárið 2016-2017² sem starfað var eftir veturinn 2016-2017. Starfsáætlunin er í stöðugri þróun en ákveðnir þættir eru orðnir það fastir liðir í skólastarfinu hægt er að setja upp tímalínu nemenda Okkar máls ársins.

Tímalína Okkar máls 2016-2017



Á tímalínunni gefur að líta þá viðburði sem nemendur eru beinir þátttakendur í og í aðalhlutverki. Heimsóknir milli skólastiganna eru áberandi. Bæði sækja

¹ <http://tungumalatorg.is/okkarmal/files/2016/07/Tímarammi-leik-og-grunn-2016-2017.pdf>

² <http://tungumalatorg.is/okkarmal/files/2015/07/samstarfsaetlun2015.pdf>

leikskólabörnin grunnskólann heim, en grunnskólanemendurnir heimsækja einnig leikskólana og leikskólarnir hvor annan.

Stýrihópur Okkar máls samanstendur af 1-2 fulltrúum allra starfsstöðva, Skóla- og frístundasviðs og Menntavísindasviðs Háskóla Íslands. Veturinn 2016-2017 fundaði stýrihópurinn alls 5 sinnum.

Hópurinn hefur sinnt stefnumótun, ákvarðanatöku, undirbúningi fyrir ýmsa sameiginlega starfsemi, mat á starfsemi verkefnisins og kynningarmálum. Fulltrúar í stýrihópi bera ábyrgð á því að kynna verkefnið fyrir sinni starfsstöð og miðla upplýsingum um starfsemi verkefnisins.



Fulltrúar í stýrihóp Okkar máls veturinn 2016-2017:

- Bryndís Snorradóttir, deildarstjóri, f.h. Fellaskóla
- Dr. Brynja Halldórsdóttir, lektor, f.h. Menntavísindasviðs HÍ
- Fríða Bjarney Jónsdóttir, verkefnastjóri, f.h. SFS
- Gyða Guðmundsdóttir, aðstoðarleikskólastjóri, f.h. Holts
- Halldóra Björg Gunnlaugsdóttir, leikskólastjóri, f.h. Holts
- Hákon Sigursteinsson, deildarstjóri skólaþjónustu f.h. ÞB
- Helga Ágústsdóttir, kennsluráðgjafi og verkefnastjóri OM f.h. ÞB
- Nichole Leigh Mosty, leikskólastjóri (til nóvember 2016 þegar hún var kjörin á þing)
f.h. Aspar



- Sigurlaug Hrund Svavarsdóttir, skólastjóri, f.h. Fellaskóla
- Sólveig Þórarinsdóttir, leikskólastjóri (frá desember 2016), f.h. Aspar
- Þuríður Óttarsdóttir, aðstoðarleikskólastjóri (frá desember 2016, f.h. Aspar)

Verkefnastjórar frá leikskólunum Holti og Ösp, Fellaskóla funda reglulega um skipulag sameiginlegra verkefni, útskrifta og vorskóla ásamt skipulagsvinnu.. Verkefnastjórnirnar hafa séð um skipulag og umsjón heimsókna milli leik og grunnskóla. Þeir hafa jafnframt og unnið að ýmsum sameiginlegum verkefnum er tengjast samstarfi, kynningarmálum, gerð læsisáætlana ásamt margvíslegum verkefnum á hverri starfsstöð. Þeim til ráðgjafar eru deildarstjórar í leikskólunum, kennarar á yngsta stigi í Fellaskóla og þátttakendur í stýrihópi verkefnisins.

Haldnir voru **skipulagðir samráðsfundir** deildarstjóra í leikskólunum og kennara á yngsta stigi í Fellaskóla. Þessi hópur hefur einnig átt aðra mikilvæga fundi, þróað og tekið þátt í gagnkvæmum heimsóknum milli leikskólanna og grunnskólans. Gagnsemi þessa samráðs hefur verið mikil. Ekki síst hefur verið stuðlað að umræðu sem æskilegt er að fram fari á milli skólastiga og sú umræða hefur skilað inn nýjum hugmyndum og áherslum sem móta samstarfið.

Áætlun um samstarf leikskóla og grunnskóla hefur verið í stöðugri þróun síðustu ár. Í ár bregður svo við að hún er án breytinga frá fyrra ári, sem gefur ákveðna vísbendingu um að samstarf Aspar, Fellaskóla og Holt sé orðinn órjúfanlegur hluti af skólastarfinu í hverfinu. En vekur um leið spurningar um hvort samstarfið sé nægilega gróskumikið og hvort stefna þurfi að því að færa ábyrgð Okkar máls nær kennurum og starfsfólki.

Samstarfsáætluninni fylgja ýmis konar gögn sem eru tímarammi fyrir samstarf leik- og grunnskóla skólaárið 2017-2018, eyðublöð fyrir skráningar og mat tengd samstarfi skólanna, skipulag heimsókna kennara og grunnskólabarna í leikskólana,



form fyrir upplýsingar frá leikskóla til grunnskóla, upplýsingar um heimsóknir leikskólabarna í frístundastarf Fellaskóla, lýsing á ferli útskriftar, umfjöllun um skipulag og kynningar í vorskóla.

Fimmta starfsár Okkar máls var helgað því að ná sérfræðingunum á gólfið. Vinna tengd fjölmenningarlegu skólastarfi og áætlanagerð gekk snurðulaust og reynsla síðustu ára nýttist í þá vinnu. Mörg verkefna Okkar máls eru orðin órjúfanlegur hluti af skólastarfi hverfisins. Gott dæmi um það er útskrift leikskólabarna í Fellaskóla og vorskólinn þar sem tilvonandi grunnskólanemendur í Fellaskóla mæta í skipulagða dagskrá og fá tækifæri til að kynnast skólastarfinu í Fellaskóla. Þar læra nemendur og foreldrar á skólann, hitta tilvonandi kennara, bekkjarfélaga og annað starfsfólk um leið og þau læra á skólann.

Sameiginlegur starfsdagur Fellaskóla, leikskólans Aspar og leikskólans Holts

var haldinn þann 2. desember 2016. Lögð var sérstök áhersla á að tengja fræðasamfélagið við starfsstöðvar Okkar máls, sjá dagskrá. Stærstu útgjaldaliðir verkefnsins skólaárið 2016-2017 voru í tengslum við starfsdag í desember og eftirfylgd sérfræðinga í kjölfar starfsdags.



Okkar mál

Samstarf um menningu,
mál og læsi í Fellahverfi

Dagskrá starfsdags 2. desember í Gerðubergi

8:30-8:45	Nichole Leigh Mosty <i>Setning og kynning á regnhlífarstefnu Okkar máls</i>
8:45-9:25	Hanna Ragnarsdóttir <i>Að læra af farsælu skólastarfi með fjölbreyttum barnahópum á Norðurlöndunum</i>
9:25-9:55	Ása Helga Ragnarsdóttir og Hafdís Guðjónsdóttir Leikið með málið okkar: Leiklist sem kennsluaðferð í kennslu fjölbreyttra nemendahópa
9:55	<i>Kaffihlé</i>
10:00-10:40	Ása Helga og Hafdís Guðjónsdóttir <i>Verkstæði: Opnum dyrnar fyrir kennsluaðferðum leiklistar</i>
10:40-11:20	Nanna Christianssen <i>Lykilatriði í samtalsfærni</i>
11:20-11:45	Umræðupanel <i>Verkfæri og bjargir í erfiðum samskiptum</i> Margrét Edda Yngvadóttir félagsráðgjafi hjá ÞB Þóra Björg Guðjónsdóttir félagsráðgjafi hjá ÞB Nanna Christianssen sérfræðingur hjá SFS <i>sitja fyrir svörum frá starfsmönnum skólanna</i>
11:45-11:50	Ávarp borgarstjóra og dagskrárlok
11:50	Matur



Dr. Brynja Halldórsdóttir lektor á Menntavísindasviði og tengiliður sviðsins við verkefnið vann ötullega að því að tengja sérfræðinga Háskólans við verkefnið undir hugmyndafræðinni „sérfræðingur á gólfinu“. Fyrirlestur og verkstæði Ásu Helgu Ragnarsdóttur og Hafdísar Guðjónsdóttur um kennsluaðferðir leiklistar vöktu mikinn áhuga og úr varð að leikskólarnir óskuðu eftir því að þær kæmu í frekari vinnu með leikskólastarfsfólki, bæði á starfsdaga og inn á deildum leikskólanna með sýnikennslu/handleiðslu.

Kennsluaðferðir leiklistar, sem ganga út á leik, sköpun og tjáningu, hafa mjög sterkan samhljóm með kjarna leikskólastarfsins.

Samvinnan gekk vonum framar og áhugi á áframhaldandi samstarfi kviknaði snemma. Úr varð að haustið 2017 kæmu Ása Helga Ragnarsdóttir og Hafdís Guðjónsdóttir inn á báða leikskólana með talsvert stærra inngrip samhliða starfeindarannsókn á innleiðingu leiklistar í leikskólastarf. Sótt verður um styrki vegna þess samstarfs með það fyrir augum að allir starfsmenn leikskólanna tveggja verði búnir að tileinka sér kennsluaðferðir leiklistar í leikskólastarfi og geti nýtt sér verkfærakistu leiklistar í leik og starfi með börnum.

Eins og fram hefur komið í fyrri skýrslum hefur Okkar mál, samhliða fleiri öflugum verkefnum í Fellahverfi gert mikið fyrir skólastarf í hverfinu. Okkar mál hefur rammað inn samstarf skólanna, skólastiganna, frístundar og stofnana í hverfinu. Boðleiðir jákvæðra samskipta hefur verið haldið opnum og skólafólk hefur upplifað valdeflingu og faglega viðurkenningu á starfi sínu. Samvinna milli skólanna hefur einnig stuðlað að því að sérfræðingarnet skólanna hefur stækkað samhliða því að fagaðilar upplifa samkennd og stuðning í starfi. Skólarnir hafa styrk hver af öðrum.

Úttekt Brynju Halldórsdóttur PhD frá 2015³ sýndi að fagaðilar beggja skólastiga gera sér grein fyrir mikilvægi þess að skilja reynslu barna sem eru að læra nýtt tungumál og byggðu starfið á skilning og virðingu fyrir heimamenningu nemenda með það í huga að börn og foreldrar sem eru að læra að fóta sig í nýrri menningu og aðstæðum sem gæti verið gjörólík þeirra fyrri reynslu af menningu og skólastarfi.

Fyrirkomulag verkefnisins var í meginatriðum það sama og síðustu ár. Á fjórða starfsári kom í ljós ákveðinn veikleiki í fyrirkomulagi verkefnisins þegar tengiliður féll úr verkefninu sökum veikinda. Haustið 2016 var Nichole Leigh Mosty kjörin á þing og það verða stjórnendabreytingar á leikskólanum Ösp. Þær breytingar hefðu geta verið erfiðar fyrir verkefnið ef utanaðkomandi aðili hefði þurft að setja sig inn í verkefnið frá grunni. Þar sem nýjir stjórnendur Aspar þekktu vel til Okkar mál verkefnisins og höfðu verið virkir þátttakendur í verkefninu var mannabreytingin nokkuð áreynslulaus fyrir starfssemi verkefnisins. Ljóst er að dreifð ábyrgð á starfsemi verkefnisins er ekki einungis kostur, heldur eina leiðin til þess að gera þróunarverkefni á borð við Okkar mál sjálfbær.

³ http://tungumalatorg.is/okkarmal/files/2015/07/Skyrsla_15052015BH.pdf

Fulltrúar í stýrihópi eru ábyrgir fyrir því að kynna verkefnið fyrir starfsfólki sinnar starfsstöðvar. Allt starfsfólk skólanna tekur þátt í sameiginlegum starfsdegi á hverju ári og þannig er skerpt á viðfangsefnum Okkar máls þvert á starfsstöðvar.

Okkar mál heldur úti heimasíðu þar sem helstu fréttir af verkefninu birtast. Heimasíðuna er að finna á:

www.tungumalatorg.is/okkarmal

Sú heimasíða er hönnuð með fréttaveitu í huga en á næsta og síðasta starfsári verkefnisins verður síðunni breytt með það fyrir augum að hún þjóni nýju hlutverki, ekki lengur sem fréttaveita heldur verkfærakassi Okkar máls, aðgengilegur öllum.

Unnið er að lokaúttekt á verkefninu er fyrirhuguð starfsárið 2016-2017. Brynja Halldórsdóttir PhD og lektor á Menntavísindasviði Háskóla Íslands stýrir því verkefni í samvinnu við stýrihóp.

Reykjavík, ágúst 2017

f.h. Okkar máls

Helga Ágústsdóttir

kennsluráðgjafi og verkefnisstjóri Okkar máls